

Nd.

870. Breytingartillögur

[136. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 26. gr. 4. töluliður orðist svo:
Ríkissjóður greiðir allt að 40% af stofnkostnaði við upptökumannvirki fyrir skip, hafnarvogir, hafnsögubáta og fasta krana til löndunar úr smábátum.
2. Við 27. gr. Í stað orðanna „álits hafnaráðs, hafnamálastjóra og hlutaðeignadi hafnarstjórnar“ í 1. málsg. komi: álits hafnaráðs og hafnamálastjóra.
3. Á eftir 27. gr. komi ný gr., sem verði 28. gr. og orðist svo:
Heimilt er að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem ekki hafa nægar tekjur til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum. Við fjárlagagerð hvers árs skal samgönguráðuneytið gera Alþingi sérstaka grein fyrir fjárförf í þessu efni. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar og Alþingis um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.